



HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á AKUREYRI

Tillaga til þingsályktunar
Þingskjal 226 – 220. Mál

Akureyri
14/4 2012

Umsögn Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri (HAK) um þingsályktunartillögu um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga.

Reynslan af því að sveitarfélag reki heilsugæslu eins og gert hefur verið á Akureyri frá árinu 1997 hefur orðið til þess að efla, samhæfa og samræma nærþjónustu við íbúa í heimabyggð rétt eins og markmið þingsályktunartillögunar kveður á um. Á Akureyri var þetta fyrirkomulag tiltölulega einfalt með þjónustusamningi við eitt stórt sveitarfélag sem hefur burði til að takast á við rekstur heilsugæslu. Það hefur ekki verið vandamál að fleiri minni sveitarfélög heyra undir upptökusvæði HAK.

Formleg stefnumörkun um yfirfærslu heilsugæslunnar til sveitarfélaga liggur ekki fyrir. Í lögnum um heilbrigðisþjónustu nr. 40 frá 2007 er stefnt að sameiningum heilbrigðisstofnana á stórum landsvæðum og hafa þær fyrirætlanir víða gengið eftir. Sú framkvæmd flækir hugmyndir um yfirfærslu heilsugæslunnar til sveitarfélaga þar sem skipta þarf stofnunum aftur upp og færa til mismargra og misburðugra sveitarfélaga. Trúlega mun þessi umræða samt koma upp í tenglum við flutning málaflokks aldraðra til sveitarfélaga því það gæti verið hagkvæmur kostur að aðskilja ekki heilsugæslu frá hjúkrunar- og sjúkrarýmum heilbrigðisstofnana. Það væri því æskilegt að að samhliða umræðu um málefni aldraðra og áætlun um tilflutning milli stjórnsýslustiga færi fram stefnumörkun um framtíðarskipulag heilsugæslu og heilbrigðisstofnana.

Í ljósi reynslunnar af þjónustusamningum Akureyrarbæjar um rekstur heilsugæslu getum við mælt með þessu fyrirkomulagi og styðjum skýra stefnumörkun og tímasetta áætlun ef það er stefna og vilji yfirvalda að fara þessa leið.

Fyrir hönd Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri

Margrét Guðjónsdóttir
Framkvæmdastjóri